

M-15/2007 Álit 29. ágúst 2007

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. ágúst 2007 gaf kærunefnd- lausafjár og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-15/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. maí sl. bað X hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á fartölvu hjá fyrirtækinu Y. X segir tölvuna vera gallaða og illa farna eftir viðgerð. Hann vill fá aðra tölvu afhenta, en ef ekki þá að fá kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 18. maí sl., óskaði kærunefndin eftir því við álitsbeiðanda að hann lýsti nánar þeim göllum sem hann teldi vera á tölvunni, sem hann gerði í tölvubréfi, dags. 25. maí sl. Með bréfi, dags. 4. júní sl., gaf kærunefndin Y kost á andsvörum sem henni bárust 16. júlí í bréfi, dags. 11. s.m., en lögmaður fyrirtækisins hafði beðið um frekari frest til andsvara sem kærunefndin veitti. Álitsbeiðanda voru send andsvörin til upplýsinga með bréfi, dags. 20. júlí sl., og gefinn kostur á því að senda nefndinni athugasemdir fyrir 26. júlí sem hann ekki gerði. Í bréfinu var álitsbeiðanda sérstaklega bent á það sem fram var komið í andsvörum lögmanns Y að ekki hefðu verið lögð fram gögn um að hin umdeilda tölva hefði verið keypt hjá fyrirtækinu og meðan svo væri teldi fyrirtækið sér bæði ókleift og óskýlt að aðhafast nokkuð í málinu.

Með bréfi, dags. 13. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að beiðnin hefði verið tekin til afgreiðslu nefndarinnar.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt fartölvu af Y í janúar eða febrúar 2006. Galli á tölvunni hafi fljótlega komið í ljós og tölvun metin ónýtt. Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið aðra tölvu í staðinn, þ.e. þá sem álitsbeiðnin snýr að, og hafi það verið í maí 2006. Þá tölvu segir álitsbeiðandi vera af gerðinni Z og vera kr. 110.000 að verðmæti.

Bróðir álitsbeiðanda, Þ, segir í skýringum sem álitsbeiðninni fylgdu, að fyrri tölvun hafi verið keypt á sínu nafni, en hann hafi verið starfsmaður Y á þeim tíma er kaupin fóru fram. Þær tölvur sem verið hafi í sömu sendingu og fyrri tölva álitsbeiðanda hafi verið gallaðar. Síðari tölvuna hafi hann fengið með samþykki framkvæmdastjóra Y og telur Þ að þessi kaup hafi verið skráð í tölvukerfi fyrirtækisins, nær örugglega á sínu nafni, enda þótt nú finnist þar ekkert um kaupin. Þ kveðst ekki vita um tímasetningu á þessum kaupum þar sem hann hafi ekki nótu fyrir þeim við höndina.

Álitsbeiðandi segir síðari tölvuna hafa bilað í desember 2006 og hafi bilunin lýst sér í því að tölvun hafi ekki kveikt á sér. Ekkert hafi komið fyrir tölvuna og hafi hann ekki farið með hana út úr húsi. Hann hafi farið með tölvuna í viðgerð hjá Y í janúar 2007. Sér hafi verið sagt að móðurborðið væri gallað, vísast væri ekki hægt að gera við það, en beðið væri eftir nýju borði. Hann hafi sótt tölvuna fyrir u.þ.b. einum og hálfum mánuði

og sé hún enn biluð. Þá sé tölvan illa farin að utan, rispuð o.fl. og hafi orðið fyrir þessu hnjaski á meðan hún hafi verið í viðgerð. Seljandinn hafi borið fyrir sig ýmsar afsakanir.

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum lögmanns seljanda kemur eftirfarandi fram:

„Engar upplýsingar eru til um þær staðhæfingar að umrædd tölva hafi verið keypt hjá Y. Ekkert kemur fram í tölvukerfi umbjóðanda míns um tilgreind kaup og ekki hefur álitsbeiðandi lagt fram umbeðna reikninga. Kröfu verður að gera til slíkra sannana sökum þess að umrædd vara er fánæg annarsstaðar frá og einkum í ljósi þess að mikil rýrnun hefur verið á lager umbjóðanda míns og hafa þar augljóslega ógreiddar tölvur komist í umferð.

Umbjóðandi minn telur sér ókleift og óskýlt að aðhafast frekar í þessu máli fyrr en fram koma gögn um skýra ábyrgð af hans hálfu.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðenda og Y, falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Eins og viðskiptum aðila er lýst geta þau annað hvort fallið undir lög um neytendakaup nr. 48/2003 hafi tölvan verið keypt hjá Y eða lög um þjónustukaup nr. 42/2000 hafi tölvan verið keypt annars staðar, en óumdeilt sýnist að tölvan var til viðgerðar hjá fyrirtækinu.

Álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram gögn um kaup sín á þeim tölvum sem hann segist hafa keypt hjá Y með atbeina bróður síns. Segir lögmaður Y ekkert koma fram í tölvukerfi fyrirtækisins um þessi kaup. Álitsbeiðandi hefur heldur ekki lagt fram gögn um að síðari tölvan sem álitsbeiðni hans lýtur að hafi verið í viðgerð hjá Y en því hefur í sjálfu sér ekki verið mótmælt. Seljandi telur sér ekki skylt að aðhafast neitt að vegna krafna álitsbeiðanda þar sem ekki liggja fyrir nein gögn sem sanni að tölvan hafi verið keypt hjá honum. Enda þótt líta megi svo á að það að Y tók tölvu álitsbeiðanda til viðgerðar bendi til þess að hann hafi fengið tölvuna frá því fyrirtæki þykir kærunefndinni ekki unnt gegn andmælum seljandans að byggja á því sem sönnun fyrir því að síðari tölvan hafi verið keypt eða fengin með einhverju móti hjá því fyrirtæki. Álitsbeiðandi hefur ekki, þrátt fyrir ábendingu nefndarinnar, gert neinn reka að því að leggja fram sönnunargögn um kaup sín á tölvunum. Gegn andmælum Y og vegna skorts á sönnunum um kaup á tölvunum telur kærunefndin ekki unnt að fallast á kröfu álitsbeiðanda um að hann fái nýja tölvu eða verðmæti tölvunnar endurgreitt, en í álitsbeiðninni segist hann telja það vera um kr. 110.000.

Kærunefndin telur rétt að benda á, enda þótt álitsbeiðandi hafi ekki gert sérstaka kröfu um að fá bættar skemmdir sem hann segir hafa orðið á tölvunni á meðan hún hafi verið í viðgerð hjá Y, að vera kann að hann eigi rétt á að bótum fyrir það tjón sem af þeim kann að stafa, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

VI

Álitsorð

Hafnað er þeirri kröfu álitsbeiðanda, X, að hann fái nýja tölvu eða verðmæti tölvu endurgreitt úr hendi Y.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir